



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 4. desember 2012 kl 17:30

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMF Stjörnunnar, Ragnheiður Traustadóttir handknattleiksdeild, Arnar Smári Þorvarðarson blakdeild, Almar Guðmundsson knattspyrnudeild, Hilmar Júlíusson körfuknattleiksdeild, Ágústa Jóhannsdóttir fimleikadeild og Hannes Árnason sunddeild. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Samþykkt
2. Gildi UMF Stjörnunnar
 - Formaður fór yfir gildi félagsins sem eru afrakstur stefnumótunar og voru samþykkt af aðalstjórn nýverið
3. Ársfundir deilda
 - Rætt um árangur af ársfundi knattspyrnudeildar og mikilvægi þess að deildir haldi slíka fundi reglulega. Fundirnir erum mikilvægur vettvangur fyrir umræðuna um starfið í félaginu. Handboltinn mun halda fund í janúar.
4. Skýrsla Rannsóknna og greiningar
 - Rætt um niðurstöður skýrslunnar. Stjarnan kemur ágætlega út úr þeim samanburði sem þar er að finna. Skýrslan er mikilvægt tæki til mælinga á árangri félagsins inn í framtíðina.
5. Lottó – skipting lottótekna UMSK
 - Formaður gerði grein fyrir tillögum að breyttri skiptingu lottótekna innan UMSK. Umræða um aðferðafræði og félagatal.
6. Fundargerðir deilda
 - Farið yfir mikilvægi þess að stjórnarfundir í deildum séu bókaðir. Skiptir miklu máli við að rekja ákvarðanir og eins mikilvæg söguleg gögn. Formaður leggur áherslu á að deildir skili fundargerðum til framkvæmdastjóra.
7. Viðburðir í nafni félagsins
 - Rætt um fjölda viðburða á vegum félagsins. Mikilvægt er að skemmtanir á vegum félagsins fái ekki á sig slæmt orð. Nauðsynlegt er að þessir hlutir séu í föstum farvegi og auglýsingar atburða samræmist tilgangi félagsins.
8. Samningar við leikmenn og þjálfara
 - Framkvæmdastjóri kallar eftir að deildir skili inn til skrifstofu félagsins öllum samningum við þjálfara og leikmenn. Á árinu 2013 er skrifstofunni óheimilt að inna af hendi greiðslur til leikmanna og þjálfara, nema undirritaðir samningar liggi fyrir og skuldbindingar séu innan samþykkrar fjárhagsáætlunar viðkomandi deildar.



- Rætt um stöðluð samningsform félagsins sem munu innihalda þau atriði sem félagið leggur áherslu á að séu einsleit, þvert á deildir.
- Rætt um mun á launþegum og verktökum. Fundurinn er sammála um mikilvægi þess að þjálfarar og leikmenn séu almennt verktakar en ekki launþegar.

9. Önnur mál

- Stjörnuutanyfirgallinn er nú til sölu í Hagkaup í Garðabæ.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.

Ritað PGr